

EFTIRLITSKERFI MEÐ ÁHÆTTU 2025

- Útdráttur -



Efnisyfirlit

A. Formáli.....	2
B. Skipulag starfsemi og innra eftirlit.....	3
1. Skipulag starfsemi.....	3
2. Stjórnarhættir	3
3. Innra eftirlit.....	4
4. Uppbygging innra eftirlits	4
C. Eftirlit með áhættu	6
1. Skipulag áhættustýringar og eftirlits með áhættu	6
2. Framkvæmd eigin áhættumats	8
3. Ferli eigin áhættumats, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.....	9
4. Eigið áhættumat Almenna lífeyrissjóðsins	10

A. Formáli

Lífeyrissjóðum er skylt samkvæmt lögum og reglum að halda úti áhættustýringu og tryggja eftirlitskerfi með áhættu skv. 36 gr. e. laga nr. 129/1997 og reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Almenni lífeyrissjóðurinn (AL) hefur komið sér upp Eftirlitskerfi með áhættu (EKÁ) samkvæmt ofangreindum lögum og reglum sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. EKÁ tekur á áhættustýringu og -eftirliti á öllum þeim áhættum sem eru til staðar í rekstri AL að mati sjóðsins, hvort sem það er áhætta tengd samtryggingarsjóði, séreignarsjóði, rekstraráhættu o.þ.h. Eftirlitskerfið tekur m.a. til mannauðs, verklagsreglna, ferla og tölvukerfa.


Eitt af verkefnum stjórnar lífeyrissjóða er að setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins skv. 9. tl. 3. mgr. 29 gr. laga nr. 129/1997. Í áhættustefnu skal að lágmarki koma fram áhættuvilji stjórnar, áhættuþol sjóðsins og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu. Grunnurinn að EKÁ sjóðsins, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu er eigin áhættumat sem framkvæmt er árlega. Eigið áhættumat er einnig haft til hliðsjónar við gerð fjárfestingarstefnu AL.

Þetta skjal er útdráttur á EKÁ til birtingar á heimasíðu sjóðsins.

B. Skipulag starfsemi og innra eftirlit

1. Skipulag starfsemi

Starfsemi Almenna lífeyrissjóðsins er í megin atriðum skipt í tvö starfssvið, lífeyrisdeild sem tekur á móti iðgjöldum, greiðir út lífeyri og heldur utan um réttindi og séreignarsparnað sjóðfélaga og eignastýringarsvið, sem ávaxtar eignir sjóðsins til að standa undir réttindum og séreignarsparnaði sjóðfélaga til lengri og skemmri tíma. Skrifstofustjóri veitir lífeyrisdeild forstöðu og fjárfestingarstjóri eignastýringarsviði. Í skipuriti sjóðsins sem sjá má hér fyrir neðan eru þrjú stoðsvið sem eru rekstur og upplýsingatækni, lögmenn og lánamál og kynningarmál. Starfssvið áhættustýringar er sjálfstætt og heyrir beint undir framkvæmdastjóra sjóðsins en sviðið hefur umsjón með innra eftirliti og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu til stjórnar og framkvæmdastjóra. Áhættustjóri sjóðsins veitir starfssviði áhættustýringar forstöðu en auk þess er hann ritari endurskoðunarnefndar sjóðsins. Allir stjórnendur taka þátt í innra eftirliti og áhættustýringu í samræmi við skjalfesta verkferla og aðrar skjalfestar innri reglur.



2. Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru með meirihlutakosningu á ársfundi til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur konum og þremur körlum. Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglum settum á grundvelli þeirra og samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins setur sér siða- og starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og setur honum starfsreglur og reglur sem kveða m.a. á um upplýsingagjöf til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórn ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn skipar í þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs í senn samkvæmt sam-

þykktum. Stjórn semur við óháðan tryggingastærðfræðing um framkvæmd tryggingafræðilegrar athugunar á fjárhag samtryggingarsjóðs og skýrslugerð um tryggingafræðilega stöðu. Stjórn veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Stjórn sjóðsins setur verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Stjórn setur reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Samkvæmt reglunum eru lykilstjórnendur skrifstofustjóri, fjárfestingarstjóri og áhættustjóri. Framkvæmdastjóri sjóðsins ræður lykilstarfsmenn í samræmi við reglurnar.

Stjórn sjóðsins mótar og setur fjárfestingarstefnu og áhættustefnu.


Stjórn sjóðsins fundar að jafnaði í hverjum mánuði en oftast sé þess þörf. Framkvæmdastjóri heldur að jafnaði vikulega rekstrarfundi með stjórnendum sjóðsins og fjárfestingarstjóri heldur að jafnaði vikulega eignastýringarfundi með eignastýringarteymi, framkvæmdastjóra og eftir atvikum áhættustjóra.

3. Innra eftirlit

Meginmarkmið með innra eftirliti Almenna lífeyrissjóðsins er að stuðla að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt.

4. Uppbygging innra eftirlits

Innra eftirlit Almenna lífeyrissjóðsins er byggt upp sem þriggja línu varnakerfi til að tryggja viðeigandi áhættumenningu meðal starfsmanna og að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi eftirlitskerfis. Neðangreind mynd skýrir uppbyggingu þriggja línu varnakerfisins:



Fyrsta varnarlínan snýr að daglegum rekstri sjóðsins og er mynduð af stjórnendum og starfsfólki hverra starfssviða fyrir sig. Forstöðumenn starfssviða bera ábyrgð á sínum sviðum og eru eigendur einstakra áhættuþátta sem viðkemur þeim. Starfsmenn viðkomandi sviða hafa yfir að ráða viðeigandi innri skjölum, þ.e.a.s. verkferlum, verklagsreglum, vinnuleiðbeiningum, gátlistum, stefnuskjölum og áhættumöt til að draga úr áhættu í rekstri sjóðsins og til að greina, meta, fylgjast með, stýra og upplýsa um áhættu. Framangreind skjöl fjalla m.a. um aðgreiningu starfa og eftirlitsaðgerðir sem eru framkvæmdar.

Önnur varnarlínan snýr að áhættustýringu sjóðsins sem sér um að þróa og viðhalda virku kerfi innra eftirlits, ásamt því að stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum, gæði upplýsinga og að farið sé að lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum í starfseminni. Önnur varnarlínan styður við þá fyrstu meðal annars

með því að veita ráðgjöf, fylgjast með virkni eftirlitsaðgerða framlínunnar og framkvæma eftirlitsaðgerðir. Áhættustýring sinnir daglegu eftirliti með fylgni sjóðsins við fjárfestingarstefnu og/eða fjárfestingarheimildir. Áhættustýring hefur það hlutverk að miðla upplýsingum til eigenda áhættupátta, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra, endurskoðunarnefndar og/eða stjórnar samkvæmt skipulagi í Eftirlitskerfi með áhættu.

Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun (óháður endurskoðandi) og framkvæmir sjálfstæðar úttektir á virkni innra eftirlits og áhættustýringar (fyrstu og annarrar varnarlínu) og upplýsir stjórn og endurskoðunarnefnd um niðurstöðurnar.

C. Eftirlit með áhættu

1. Skipulag áhættustýringar og eftirlits með áhættu

Áhættustýring felur í sér hringrás endurtekinna verkefna sem miða að því að draga úr áhættu í starfsemi sjóðsins. Allir starfsmenn hafa hlutverk í skipulagi innra eftirlits og áhættustýringar í samræmi við stefnur, verkferla, verklagsreglur, gátlista o.fl. líkt og vikið er að í kafla B.4 um þriggja línu varnakerfi.

1.1. Hlutverk starfseininga í skipulagi áhættustýringar og eftirlits með áhættu

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að árlega fari fram eigið áhættumat vegna starfsemi sjóðsins og á grundvelli eigin áhættumats setur stjórn áhættustefnu. Framkvæmd áhættumatsins fer fram hjá stjórnendum í samvinnu og samráði við stjórn sjóðsins og á grundvelli verkferils um eigið áhættumat.

Stjórnendur sem koma að eigin áhættumati eru framkvæmdastjóri, fjárfestingarstjóri, skrifstofustjóri og áhættustjóri. Framkvæmdastjóri, fjárfestingarstjóri og skrifstofustjóri eru eigendur áhættupátta í þeim skilningi að hjá þeim er ákvörðunarvald samkvæmt umboði stjórnar til að taka áhættu í starfsemi sjóðsins. Áhættustjóri er í forsvari fyrir starfssviði áhættustýringar og ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu í rekstri sjóðsins.

Endurskoðunarfyritæki sér um framkvæmd innri endurskoðunar á grundvelli reglna frá FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

Eftirfarandi mynd sýnir skipulag áhættustýringar og skiptingu ábyrgðar mismunandi verkþátta.

Skipulag áhættustýringar

Stjórn / Stjórnendur	<ul style="list-style-type: none">• Áhættustefna• Eigið áhættumat	<i>Áhættustefna</i> er mótuð og sett af stjórn lífeyrissjóðsins. Áhættustefnan byggir á eigin áhættumati stjórnar og stjórnenda sjóðsins.
Stjórnendur / Áhættustjóri	<ul style="list-style-type: none">• Áhættueftirlit• Framkvæmd áhættueftirlits• Skjölun og miðlun niðurstaðna áhættueftirlits• Framkvæmd viðbragða / úrbóta	<i>Áhættueftirlit</i> samkvæmt settri áhættustýringarstefnu er framkvæmt og skjalað af stjórnendum og/eða áhættustjóra.
Áhættustjóri	<ul style="list-style-type: none">• Mat á virkni eftirlits og fylgni við áhættustefnu• Umsjón með innra eftirliti og áhættueftirliti• Skýrslugjöf til stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda um virkni áhættueftirlits og framfylgni áhættustefnu	<i>Mat á virkni eftirlits og fylgni við áhættustefnu</i> er á ábyrgð áhættustjóra

Áhættustefna er árlega yfirfarin og uppfærð af stjórnendum, endurskoðunarnefnd og stjórn sjóðsins.

- Ákvörðunartaka um áhættu og vöktun áhættu er hjá stjórnendum eftir ábyrgðarsviði.
- Ábyrgð á framkvæmd eftirlitsaðgerða samkvæmt áhættustýringarstefnu og skjölun niðurstaðna er hjá stjórnendum eftir ábyrgðarsviði og/eða áhættustjóra.
- Áhættustjóri framkvæmir og skjalar eftirlitsaðgerðir sem felast í eftirliti með framfylgni við fjárfestingarheimildir samkvæmt lögum og/eða fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Áhættustjóri ber ábyrgð á og hefur eftirlit með framkvæmd og skjölun alls áhættueftirlits samkvæmt áhættustýringarstefnunni, rýnir í niðurstöðurnar og upplýsir stjórn um framvindu og niðurstöður eftirlitsaðgerða.

1.2. Eigið áhættumat og áhættustefna

Í eigin áhættumati er sundurliðuð greining áhættupátta og mat stjórnar og stjórnenda á mikilvægi hvers áhættupátta í rekstri sjóðsins. Tilgreint er hvaða starfssviði viðkomandi áhætta tilheyrir og ber skráður eigandi áhættu ábyrgð á greiningu og mati við árlega uppfærslu. Niðurstöður eigin áhættumatsins eru notaðar við gerð áhættustefnu sjóðsins fyrir veigameiri áhættupætti og við gerð áhættustýringarstefnu.

Niðurstöður eigin áhættumatsins kemur þar af leiðandi inn í áhættustýringarstefnuna og hvernig sjóðurinn mun haga eftirliti með viðkomandi áhættum í daglegri starfsemi sjóðsins.

Áhættustýringarstefnan myndar dagskrá áhættueftirlits. Niðurstöður eigin áhættumatsins eru notaðar við gerð fjárfestingastefnu sjóðsins þar sem leitast er við að hámarka ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Áhættustefnan byggir á eigin áhættumati og lýsir umfangi áhættu sem stjórn er reiðubúin að taka í starfsemi sjóðsins, mati á þoli sjóðsins gagnvart áhættuþáttum og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu. Í kafla C.3.1. og í umfjöllun um eftirlit í áhættustýringarstefnu undir hverri veigameiri áhættu kemur fram hvernig skuli greina áhættu í rekstri sjóðsins. Í kafla C.3.2. um áhættumat er því lýst hvernig skuli meta áhættu. Í áhættustýringarstefnunni, undir veigameiri áhættuþáttum, kemur fram hvernig áhættan er vöktuð með tíðni eftirlits og hvaða eftirlitsaðgerðir eru framkvæmdar. Einnig kemur fram hvernig sjóðurinn stýrir áhættunni með því að vera í takt við áhættuvilja stjórnar og innan áhættuþols sjóðsins og áætluð viðbrögð við frávikum ef þurfa þykir.

1.3. Áhættustýringarstefna

Í áhættustýringarstefnu eru skipulagðar eftirlitsaðgerðir fyrir þá áhættuþætti sem áhættustefna sjóðsins tekur til. Við hverja eftirlitsaðgerð er tilgreindur umsjónaraðili og ein eða fleiri tímasettar eftirlitsaðgerðir. Eftirlitsaðgerðir samkvæmt áhættustýringarstefnu mynda dagskrá áhættueftirlits sem eru skráðar í áhættueftirlitskerfi sem heitir Mark áhættueftirlit. Fyrir árið 2025 telur dagskrá áhættueftirlits um 153 tímasettar eftirlitsaðgerðir og eru þær óbreyttar frá fyrra ári.

Fyrir hverja áhættu eru skráð eftirfarandi atriði:

- Skilgreining áhættu.
- Áhættumat (líkur, afleiðing, áhættustig).
- Skýring á áhættumati.
- Eigandi.

Fyrir hverja eftirlitsaðgerð eru skráð eftirfarandi atriði:

- Tíðni og tímasetningar.
- Viðmið, vikmörk og viðbrögð.
- Umsjónaraðili.

Skráður eigandi áhættu ber ábyrgð á áhættugreiningu og áhættumati viðkomandi áhættu. Umsjónaraðili framkvæmir eftirlitsaðgerðir í samræmi við áhættustýringarstefnu. Í kafla C.1.1. kemur fram skilgreining á hlutverkum og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og annarra aðila er koma að framkvæmd stefnunnar.

Ef niðurstöður eftirlitsaðgerða sýna áhættu umfram skilgreind mörk (frávik) skal brugðist við í samræmi við viðbragðslýsingu.

Áhættustjóri fylgist með dagskrá eftirlitsaðgerða og skráðum eftirlitsaðgerðum og skoðar hvort niðurstöður séu innan viðmiða fyrir viðkomandi áhættu. Mánaðarlega útbýr áhættustjóri skýrslur um framvindu áhættueftirlits með fyrirspurn í áhættueftirlitskerfið um framkvæmdar eftirlitsaðgerðir og niðurstöður þeirra. Áhættustjóri fjallar um framkvæmdar eftirlitsaðgerðir reglulega á fundum með stjórnendum sjóðsins og/eða eigendum áhættuþátta eftir því sem við á. Árlega kynnis áhættustjóri Eftirlitskerfi með áhættu fyrir starfsmönnum sjóðsins til að upplýsa um það og tryggja að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi þess.

1.4. Framkvæmd og ferli tilkynninga

Áhættustjóra ber að senda tilkynningar samkvæmt þessu ferli komi frávik fram í áhættumati. Frávik er þegar áhættueftirlit sýnir áhættu umfram stefnu. Frávikin geta verið misalvarleg eins og kemur fram hér að neðan. T.d. getur fjárhagsleg staða fyrirtækja brotið fjárhagslegar viðmiðanir í stefnu sjóðsins, vægi eignaflokka í eignasafni getur farið út fyrir vikmörk í stefnu og vægi eigna/eignaflokka getur farið út fyrir heimildir skv. lögum.

Frávikatilkynningar áhættustýringar má flokka í fjóra flokka eftir tegund og alvarleika frávíka.

- a. Frávik frá skilyrðum fjárfestingarstefnu önnur en þau sem varða háþösk/lágmörk eignaflokka eru fyrst borin óformlega undir fjárfestingarstjóra og framkvæmdastjóra til nánari skoðunar á því hvort um raunverulegt frávik sé að ræða. Sé um raunverulegt frávik að ræða sendir áhættustjóri tölvupóst til fjárfestingarstjóra og framkvæmdastjóra með tilkynningu um umrætt frávik. Fjárfestingarstjóri greinir ástæður fráviks, ákveður viðbrögð sem gripið verður til og sendir áhættustjóra tölvupóst með skýringu fráviksins og viðbrögðum sem gripið verður til. Áhættustjóri skjalfestir frávik og viðbrögð í Mark eftirlitskerfi og greinir stjórn frá með framlögn mánaðarlegrar skýrslu um framvindu áhættueftirlits.
- b. Frávik frá háþörkum/lágmörkum eignaflokka skv. fjárfestingarstefnu eru borin upp á sama hátt og varðandi önnur skilyrði fjárfestingarstefnu að viðbætti tilkynningu til formanns stjórnar um viðkomandi frávik og viðbrögðum sem gripið verður til.
- c. Frávik frá skilgreindum mörkum annarra en í fjárfestingarstefnu (t.a.m. það sem kemur fram í 4. kafla VF19 um úthýsingu og öryggisnefnd) eru borin upp á sama hátt og varðandi a. lið og eru frávikin borin undir eiganda áhættupáttar. Það fer eftir alvarleika fráviksins hvort það sé svo tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins.
- d. Frávik frá fjárfestingarheimildum í lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum eru borin upp á sama hátt og varðandi háþösk/lágmörk eignaflokka skv. fjárfestingarstefnu að viðbætti tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Lífeyrissjóður skal tilkynna FME hið fyrsta, þó eigi síðar en innan 10 virkra daga, ef ekkert annað er kveðið á um í lögum og reglugerðum, ef upp koma tilvik um alvarleg frávik eða brot á skilgreindum mörkum áhættu eða upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins. Tilkynningin til FME skal einnig innihalda upplýsingar um viðbrögð lífeyrissjóðsins við tilgreindum frávikum.

1.5. Mat á áhættueftirliti

Áhættustjóri er ábyrgðaraðili áhættustýringar og hefur umsjón og eftirlit með virkni innra eftirlits samkvæmt skipulagi sem stjórn ákveður.

- Áhættustjóri hefur eftirlit með virkni áhættustýringar og áhættueftirlits, og fylgni starfsemi sjóðsins við áhættustefnu sem stjórn ákveður.
- Áhættustjóri heldur utan um skýrsluskil um framvindu og niðurstöður eftirlitsaðgerða.
- Áhættustjóri metur hvort framkvæmd og niðurstöður eftirlitsaðgerða séu í samræmi við áhættustefnu og/eða annað skjalfest skipulag og/eða heimildir.
- Áhættustjóri rýnir í vinnuskjöl og útreikninga sem eru til grundvallar einstökum eftirlitsaðgerðum og dregur saman upplýsingar til kynningar fyrir stjórn og stjórnendur sjóðsins.

2. Framkvæmd eigin áhættumats

Stjórn ber ábyrgð á að árlega fari fram eigið áhættumat vegna starfsemi sjóðsins og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Stjórn hefur mótað verklag um framkvæmd áhættumatsins þar sem skilgreind eru hlutverk þeirra sem koma að matinu. Framkvæmd áhættumatsins fer fram hjá stjórnendum í samvinnu og samráði við stjórn. Við framkvæmd eigin áhættumats er lagt mat á hverjir helstu áhættuþættir í starfseminni eru, horft til framtíðar í skemmri og lengri tíma. Þegar fyrir liggur mat á hverjir helstu áhættuþættir eru fer fram mat á líkindi þess að atburðir þróist á þann veg að viðkomandi áhætta raungerist og mat á áhrifum þess á eignir og skuldbindingar sjóðsins. Til grundvallar mati á áhrifum áhættuþátta er m.a. horft til framkvæmdra álagsprófana, næmigreininga, forsendur tryggingafræðilegra úttekta og breytinga á tryggingafræðilegri stöðu milli ára. Einnig er lagt mat á fylgni áhættuþátta og hvernig áhættutaka tengd viðkomandi áhættuþætti fellur að skuldbindingum sjóðsins.

Áhættustjóri leggur fyrir stjórn sjóðsins á stjórnarfundi að hausti ár hvert drög að áhættugreiningu, áhættumati og forsendum fyrir hvoru tveggja. Stjórn eða undirnefnd stjórnar, feli hún slíkri nefnd að fjalla um eigið áhættumat rýnir forsendur, leggur mat á drögin, ræðir með og/eða án aðkomu stjórnenda og kemur sjónarmiðum og ábendingum sínum sem kunna að vera til stjórnenda. Stjórn sjóðsins staðfestir eigið áhættumat á stjórnarfundi fyrir árslok ár hvert.

Við gerð fjárfestingarstefnu og þar af leiðandi við ákvörðun um áhættutöku í eignastýringu er litið til niðurstaðna eigin áhættumats. Einnig er litið til niðurstaðna eigin áhættumats við gerð og uppfærslur verkferla, verklagsreglna og annarra skjalfestra innri skipulagsskjala.

3. Ferli eigin áhættumats, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu

Um framkvæmd eigin áhættumats hefur verið skjalfest verkferli þar sem ferlinu, aðferðafræði við matið og hlutverkum þeirra sem koma að matinu er lýst. Áhættustefna, áhættustýringarstefna og fjárfestingarstefna eru einnig uppfærðar árlega en áhættustefnurnar eru einnig uppfærðar hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Þessar þrjár stefnur eru innbyrðis tengdar og taka mið hverjar af annarri við uppfærslur.

3.1. Áhættugreining

Áhættugreining felur í sér mat á hverjir helstu áhættuþættir eru í starfsemi sjóðsins horft til skemmri og lengri tíma. Lagt er mat á fylgni áhættuþátta og hvernig áhættutaka tengd áhættuþáttum fellur að skuldbindingum sjóðsins.

3.2. Áhættumat

Áhættumat fer fram þegar fyrir liggur hverjir helstu áhættuþættir í starfsemi sjóðsins eru. Í áhættumatinu er lagt mat á líkindi þess að atburðir þróist á þann veg að viðkomandi áhætta raungerist og mat á áhrifum þess á eignir og skuldbindingar sjóðsins. Líkindum og afleiðingum eru gefnar tölur á bilinu 1-4, samanlagðar tölurnar segja til um hvert heildarmat viðkomandi áhættu er fyrir sjóðinn, þ.e. líkindin á að áhætta raungerist og hversu mikil fjárhagsleg áhrif það hefði fyrir sjóðinn [lítið ● (4 og undir), miðlungs ● (5) eða mikið ● (6 og yfir)]. Taflan hér fyrir neðan sýnir mögulegar niðurstöður áhættumats eftir samspili metinna líkinda og afleiðinga.

	Afleiðingar	Mjög lítil	Lítill	Mikil	Mjög mikil
Líkur	Mat 1-4	1	2	3	4
Mjög ólíklegt	1	2	3	4	5
Ólíklegt	2	3	4	5	6
Líklegt	3	4	5	6	7
Mjög líklegt	4	5	6	7	8

3.3. Framsetning áhættustefnu og áhættustýringarstefnu

Áhættustefna er sett fram með skilgreiningu á áhættuvilja og áhættuþoli í umfjöllun um yfir- og undirflokka áhættu í 4. kafla sem fylgir hér á eftir og með viðmiðum og viktörkum í umfjöllun um veigamestu áhættuþætti í sama kafla.

Áhættustýringarstefna er sett fram með skilgreiningu á aðferðum við mat á áhættuþáttum og eftirlitsþáttum í 4. kafla sem fylgir hér á eftir.

3.4. Rýni stjórnar á eigin áhættumati og EKÁ

Endurmat á eftirlitskerfi með áhættu og þar með eigin áhættumati fer fram á haustin. Stjórn AL, eftir atvikum undirnefndir hennar, t.a.m. endurskoðunarnefnd, fá þær slíkt umboð, skal rýna ferlið við endurmatið og endurskoða forsendur og niðurstöður. Slík rýni verður skjalfest í fundargerðum viðkomandi funda þegar slík rýni fer fram en einnig skal vera skjalfest að slík rýni hafi farið fram sem hluti

af áhættumatinu. Slík skjalfesting má sjá í viðauka E við Eftirlitskerfi með áhættu þar sem vitnað er í fundargerðir viðkomandi funda í umfjöllun um rýni á viðkomandi endurmati.

3.5. Skýrsla um eigið áhættumat

Skýrsla um eigið áhættumat er samantekt á ferli, forsendum og niðurstöðum eigin áhættumats. Stjórn staðfestir skýrsluna og er henni skilað til Fjármálaeftirlitsins fyrir lok júní ár hvert.

4. Eigið áhættumat Almenna lífeyrissjóðsins

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur skilgreint fjóra meginflokka áhættu í starfsemi sjóðsins sem eru fjárhagsleg áhætta, lífeyrisskuldbindingaáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta. Undir hverjum meginflokki áhættu hefur sjóðurinn skilgreint viðeigandi undirflokka sem alls eru 32. Eigið áhættumat tekur tillit til allra skilgreindra undirflokka áhættu og er gert með hliðsjón af framkvæmdum sviðsmyndagreiningum svo sem álagsprófunum, framfallsgreiningu og rýni stjórnenda á forsendum og niðurstöðu tryggingafræðilegs uppgjors. Taflan hér fyrir neðan sýnir niðurstöður eigin áhættumats í nóvember 2024 þar sem grænn depill táknar litla áhættu, gulur miðlungs áhættu og rauður mikla áhættu. Áhættumatið tekur mið af öllum rekstri lífeyrissjóðsins og hverri ávöxtunarleifi fyrir sig en þær eru samtryggingarsjóður, Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn, Skuldabréfasafn¹, Innlánasafn og Erlent verðbréfasafn².

Fjárhagsleg áhætta	Lífeyrisskuldbindingaáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
<ul style="list-style-type: none">GjaldmiðlaáhættaMarkaðsáhættaÓsamræmisáhættaVerðbólguáhættaVaxtaáhættaUppgreiðsluáhættaÁhætta vegna skulda utan eh.	<ul style="list-style-type: none">SkerðingaráhættaLausafjáraáhættaLýðfræðileg áhættaUmhverfisáhættaIðgjaldaáhætta	<ul style="list-style-type: none">SamþjöppunaráhættaLandsáhættaÚtlánaáhættaHlutabréfAfhendingaráhættaUppgjörsáhættaSjálfbærniáhætta	<ul style="list-style-type: none">Áhætta vegna upplýsingatækniÁhætta vegna svikaÁhætta vegna PFHÁhætta vegna útvistunarFrávikaáhættaLagaleg áhættaPólitísk áhættaOrðsporsáhættaSkjalaáhættaStarfsmannaáhættaUpplýsingaáhættaÁhætta tengd stjórnarháttumÚrskurðaráhætta lífeyris

Sjóðfélagalán sem eignaflokkur hefur fengið aukið vægi í eignasöfnum AL á undanförunum árum vegna aukins áhuga á lánum hjá sjóðfélögum AL. Tekið er tillit til sjóðfélagalána í eigin áhættumati sjóðsins. AL lítur á sjóðfélagalán sem góðan eignaflokk sem samrýmist hagsmunum sjóðfélaga með langan líftíma og nokkuð öruggt sjóðstreymi. Sjóðfélagalánin eru með veði í fasteignum lántaka og að meðaltali er veðhlutfallið lágt fyrir safnið í heild.

4.1. Veigameiri áhættuþættir

Veigameiri áhættuþættir eru skilgreindir þeir sem í eigin áhættumati, í nóvember 2024, eru metnir með miðlungs- og/eða mikla áhættu. Neðangreind tafla sýnir veigameiri áhættuþætti samkvæmt eigin áhættumati sjóðsins.

Fjárhagsleg áhætta	Lífeyrisskuldbindingaáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
<ul style="list-style-type: none">GjaldmiðlaáhættaMarkaðsáhættaÓsamræmisáhættaVerðbólguáhættaVaxtaáhætta	<ul style="list-style-type: none">SkerðingaráhættaLausafjáraáhætta	<ul style="list-style-type: none">SamþjöppunaráhættaLandsáhætta	<ul style="list-style-type: none">Áhætta vegna upplýsingatækni

Fyrir veigameiri áhættuþætti eru skipulagðar aðgerðir eða viðbrögð sem grípa á til ef áhætta raungerist og gerð eru álagspróf og næmnigreiningar eftir því sem við á. Fyrir veigameiri áhættuþætti er einnig lagt

¹ Fyrirhugað er að breyta Húsnæðissafninu í dreift skuldabréfasafn með stuttan meðaltíma.

² Stefnt er að nýju safni í rekstri Almenna sem fjárfestir í hlutabréfum og skuldabréfum sem lagt er til að beri heitið Erlent verðbréfasafn. Safnið verður, líkt og nafnið bendir til, allt að 100% í erlendum gjaldmiðlum. Safnið mun vera undir viðbótartryggingarvernd.

mat á fylgni áhættupátta og hvernig áhættutaka tengd viðkomandi áhættupætti fellur að skuldbindingum sjóðsins. Taflan hér fyrir neðan sýnir tengsl og lýsingu á tengslum milli áhættupátta.

Undirflokkur	Áhættumat	Tengdir áhættupættir	Lýsing á tengslum
Gjaldmiðlaáhætta	●	Áhætta skuldb. utan eh. Mótaðilaáhætta Ósamræmisáhætta Verðbólguáhætta	Skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum taka breytingum eftir virði ISK gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum. Mótaðilaáhætta á erlenda útgefendur eykst í ISK með veikingu ISK. Ósamræmi milli eigna og skuldbindinga eykst við styrkingu ISK. Verðbólga líkleg til að aukast með veikingu ISK sem getur aftur aukið ósamræmisáhættu.
Markaðsáhætta	●	Ósamræmisáhætta Uppgreiðsluáhætta Vaxtaáhætta Gjaldmiðlaáhætta Lausafjáraáhætta	Ósamræmisáhætta eykst ef eignir lækka t.d. vegna lækkunar á hlutabréfaverði og/eða vegna styrkingar ISK. Uppgreiðsluáhætta eykst ef ávöxtunarkrafa lækkar verulega á markaði. Vaxtaáhætta eykst ef ávöxtunarkrafa breytist verulega, meðaltími lengist ef ávöxtunarkrafan lækkar. Gjaldmiðlaáhætta eykst með styrkingu ISK.
Ósamræmisáhætta	●	Gjaldmiðlaáhætta Markaðsáhætta Verðbólguáhætta Lýðfræðileg áhætta Lagaleg áhætta	Ósamræmisáhætta eykst með styrkingu ISK. Ósamræmisáhætta eykst ef eignir lækka, t.d. vegna lækkunar á hlutabréfaverði. Ósamræmisáhætta eykst ef raunávöxtun eigna er lægri en 3,5%. Ósamræmisáhætta getur aukist vegna lýðfræðilegra þátta, t.d. með aukinni örorkutiðni. Ósamræmisáhætta getur aukist með lögum, t.d. lækkan ávöxtunarkröfu í tryggingafræðil. úttekt.
Skerðingaráhætta	●	Lýðfræðileg áhætta Ósamræmisáhætta	Aukið langlífi eykur skuldbindingar sem leiðir til skerðingar á réttindum. Aukið ósamræmi milli eigna og skulda eykur skerðingaráhættu.
Vaxtaáhætta	●	Uppgreiðsluáhætta Markaðsáhætta Verðbólguáhætta	Uppgreiðsla skuldaþréfa með föstum vöxtum eykst með lækkan vaxta á markaði. Markaðsáhætta eykst með hækkan ávöxtunarkröfu á markaði. Þróun verðbólgu og verðbólguvæntingar hafa áhrif á vaxtaferla óverðtryggðra og verðtryggðra skuldaþréfa
Verðbólguáhætta	●	Gjaldmiðlaáhætta Ósamræmisáhætta Vaxtaáhætta	Verðbólguáhætta eykst með veikingu ISK. Ósamræmisáhætta eykst með aukinni verðbólgu. Vaxtaáhætta óverðtryggðra skuldaþréfa eykst með aukinni verðbólgu.
Lausafjáraáhætta	●	Orðsporsáhætta Markaðsáhætta	Lendi sjóðurinn í þeim aðstæðum að geta ekki greitt t.d. lífeyri getur orðspor hans beðið verulega hnekki. Hrynji allir markaðir á sama tíma getur það haft áhrif á lausafjárahættuna.
Landsáhætta	●	Gjaldmiðlaáhætta Samþjöppunaráhætta	Landsáhætta á Ísland eykst með styrkingu ISK og minnkar með veikingu ISK. Samþjöppunaráhætta eykst þegar dreifing eigna milli landa minnkar.
Samþjöppunaráhætta	●	Lausafjáraáhætta	Of mikil mótaðilaáhætta á tiltekinn útgefanda (samþjöppun eigna) getur haft áhrif á lausafjárahættu lendi sá mótaðili í vandræðum.
Áhætta vegna upplýsingatækni	●	Áhætta vegna svika Orðsporsáhætta	Sjóðurinn gæti lent í svikum ef upplýsingakefi uppfylla ekki öryggisstaðla en slíkt gæti valdið mikilli orðsporsáhættu fyrir sjóðinn.

Lýsingar á veigameiri áhættupáttum, tölulegar niðurstöður eigin áhættumats, forsendur þeirra og ýmsar skilgreiningar sem þeim tengjast er að finna í kaflanum sem hér fylgir á eftir.

4.1.1. Fjárhagsleg áhætta

Skilgreining: Fjárhagsleg áhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sem fólgin er í verulegum verðbreytingum á fjármálagerningum vegna breytinga á vaxtastigi, gjaldmiðlagengi, markaðsgengi skráðra fjármálagerna o.fl.

Áhættustefna

Áhættuvilji og áhættuþol: Fjárhagsleg áhætta er órjúfanlegur hluti af varðveislu og ávöxtun fjármuna. Sjóðurinn leitast við að draga úr fjárhagslegri áhættu með samvali verðbréfa sem hafa ólíka eiginleika. Áhættuvilji um fjárhagslega áhættu er settur fram í fjárfestingarstefnu sjóðsins með stefnu um vægi mismunandi verðbréfaflokka. Áhættuþol er einnig sett fram í fjárfestingarstefnunni með heimilum vikmörkum frá stefnu um vægi verðbréfaflokka.

4.1.1.1. Gjaldmiðlaáhætta

Skilgreining: Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Mikil áhætta	Töluverðar líkur eru á að ISK styrkist yfir ákveðið tímabil. Vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum hefur hækkað undanfarin misseri. Markmið um erlendar eignir í fjárfestingastefnu vega frá 33-59% af eignum blönduðu safnanna þá hafa gjaldmiðlahreyfingar veruleg áhrif á eignir safnanna. Erlent verðbréfasafn getur verið nær alfarið í erlendum gjaldmiðlum.

Tengdir áhættupættir: Áhætta vegna skuldbindinga utan efnahagsreikning, mótaðilaáhætta, ósamræmisáhætta, verðbólguáhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Vikmörk í vægi erlendra eigna í ávöxtunarleiðum er skilgreint í fjárfestingarstefnu. Stefnt er að því að gjaldmiðlaskipting erlendra hlutabréfaeigna ávöxtunarleiða endurspegli gjaldmiðlaskiptingu í heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI). Taflan hér að neðan sýnir lágmark krónu (ISK) eigna í fjárfestingarleiðum skv. fjárfestingarstefnu. Í fjárfestingarstefnu koma fram frekari skorður um fjárfestingar í erlendum gjaldeyri eftir tegund fjárfestinga.

Safn	Lágmark í ISK skv. fjárfestingarstefnu
Samtryggingarsjóður	47%
Ævisafn I	17%
Ævisafn II	47%
Ævisafn III	51%
Ríkissafn	100%
Skuldabréfasafn	100%
Innlánasafn	100%
Erlent verðbréfasafn	0%

4.1.1.2. Markaðsáætla

Skilgreining: Hættan á fjárhagslegu tapi vegna verðbreytinga á fjármálagerningum, sem skráðir eru á markaði eða hafa beina tengingu við skráð markaðsbréf. Þar á meðal eru breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Mikil áhætta	Töluverðar líkur eru á að verðbreytingar verði á skráðum markaðsverðbréfum og slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á eignasafnið.

Tengdir áhættuþættir: Ósamræmisáhætta, uppgreiðsluáhætta, vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, lausafjáráhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða eru ákveðnar m.a. með tilliti til væntrar ávöxtunar, staðalfráviks og fylgni verðbreytinga mismunandi eignaflokka. Áhættuvilji kemur fram í fjárfestingarstefnu þar sem sett eru markmið um eignasamsetningu og áhættuþolið kemur fram í vikmörkum einstakra eignaflokka.

4.1.1.3. Vaxtaáhætta

Skilgreining: Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Vaxtaáættu er unnt að mæla með meðallíftímaaðferð (e. duration based method).

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Miðlungs áhætta	Breytingar á vöxtum eða lögun vaxtaferils hefur að öllu jöfnu áhrif á virði skuldabréfa en skuldabréf með langan meðaltíma eru að öðru óbreyttu næmari fyrir breytingum á vöxtum. Töluverðar líkur eru á því að lögun vaxtaferilsins breytist yfir tíma með tilheyrandi áhrifum á eignasöfn.

Tengdir áhættuþættir: Uppgreiðsluáhætta, markaðsáhætta, verðbólguáhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Í fjárfestingarstefnu sjóðsins eru skilgreind markmið (áhættuvilja) um meðaltíma ávöxtunarleiða og heimil vikmörk (áhættuþol) frá markmiðum. Taflan fyrir neðan sýnir stefnu um meðaltíma skuldabréfa í ávöxtunarleiðum og heimil vikmörk.

Safn	Neðri mörk	Stefna	Efri mörk
Samtryggingarsjóður	6	9	11
Ævisafn I	5	7,5	10
Ævisafn II	5	7,5	10
Ævisafn III	3	6,5	8
Ríkissafn	3	5	8
Skuldabréfasafn	3	5	11
Erlent verðbréfasafn	3	5	8

Taflan fyrir neðan sýnir stefnu um meðaltíma markaðsskuldabréfa í ávöxtunarleiðum og heimil vikmörk.

Safn	Neðri mörk	Stefna	Efri mörk
Samtryggingarsjóður	5	7	9
Ævisafn I	4	6	8
Ævisafn II	4	6	8
Ævisafn III	2	4,5	7
Ríkissafn	3	5	8
Skuldabréfasafn	0	2,5	5
Erlent verðbréfasafn	3	5	8

4.1.1.4. Verðbólguáhætta

Skilgreining: Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi því að skuldbindingar samtryggingarsjóðs hækki umfram eignir vegna verðbólgu og/eða að langtímaávöxtun í séreignarsjóði verði undir verðbólgu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Mikil áhætta	Allar skuldbindingar samtryggingarsjóðsins eru verðtryggðar en aðeins hluti eigna. Töluverðar líkur eru á að aðrar eignir en verðtryggð skuldabréf þróist með öðrum hætti en þróun verðlags.

Tengdir áhættuþættir: Gjaldmiðlaáhætta, ósamræmisáhætta, vaxtaáhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Vægi verðtryggðra eigna af hlutfalli skuldabréfa og innlána samkvæmt stefnu ávöxtunarleiða er mismunandi eftir ávöxtunarleiðum. Í Ríkissafni er engin stefna fyrir verðtryggingahlutfall. Taflan fyrir neðan sýnir lágmarksvægi verðtryggðra eigna í ávöxtunarleiðum.

Lágmark verðtryggðra eigna ávöxtunarleiða							
Ávöxtunarleið	Samtryggingarsjóður	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn	Skuldabréfasafn	Innlánasafn
Hlutfall af heildareignum	19%	10%	19%	23%	0%	40%	67% *

*) Hér er átt við hlutfall verðtryggðra innlána

4.1.1.5. Ósamræmisáhætta

Skilgreining: Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga samtryggingarsjóðs hins vegar. Dæmi um áhættuþætti eru verðtrygging, lækun uppgjörskrófu til núvörðingar skuldbindinga og lífslíkur. Lífeyrisréttindi samtryggingarsjóðs eru verðtryggð en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Mikil áhætta	Líkur á að ósamræmi milli þróunar eigna og skuldbindinga eru töluverðar og eins eru áhrifin mikil ef eignir og skuldbindingar þróast á ólíka vegu. Eignasamsetning og fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðs tekur mið af væntri ávöxtun eignaflokka a.t.t.t. áhættu. Líkur eru á því að þróun lýðfræðilegra þátta svo sem hækkun lífaldurs verði til þess að skuldbindingar vaxi umfram áætlanir og skapi þannig ósamræmi milli eigna og skuldbindinga.

Tengdir áhættuþættir: Gjaldmiðlaáhætta, markaðsáhætta, verðbólguáhætta, umhverfisáhætta, lýðfræðileg áhætta, lagaleg áhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Sýni álagspróf að mögulegt tap samtryggingarsjóðs leiði af sér að tryggingafræðileg staða (heildarstaða) verði undir -10% verður niðurstaðan yfirfarin af stjórnendum og stjórn sjóðsins.

4.1.2. Lífeyrisskuldbindingaáhætta (lífeyrstryggingaráhætta)

Skilgreining: Hættan á því að lífeyrissjóðurinn eigi ekki eignir fyrir skuldbindingum og þurfi því að lækka lífeyrisgreiðslur og réttindi.

Áhættustefna

Áhættuvilji og áhættuþol: Lífeyrisskuldbindingaáhætta er órjúfanlegur hluti af rekstri lífeyrissjóða. Sjóðurinn leitast við að draga úr lífeyrisskuldbindingaáættu með viðeigandi fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingarsjóð sem dregur úr þeirri áhættu að eignir standi ekki undir skuldbindingum og með reglulegum tryggingafræðilegum úttektum til að grípa ófyrirséðar aukningar á lífeyrisskuldbindingum. Sjóðurinn stefnir á að tryggingafræðileg staða sé í jafnvægi. Með því er átt við að áunnin staða, mismunur á eignum og áunnum skuldbindingum, sé innan við +/-5% af skuldbindingum, og framtíðarstaða, mismunur á núvirði framtíðariðgjalda og skuldbindinga vegna þeirra, sé innan við +/-5% af skuldbindingum. Áhættuþol sjóðsins miðast af því að heildarstaða sjóðsins verði ekki undir -10% eða undir -5% fimm ár í röð því þá þarf sjóðurinn að gera nauðsynlegar breytingar skv. 39. gr. laga nr. 129/1997.

4.1.2.1. Skerðingaráhætta

Skilgreining: Hættan á að skuldbindingar vaxi meira en eignir og að skerða þurfi réttindi. Samkvæmt 39. gr. laga um lífeyrissjóði skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Mikil áhætta	Líkur eru á að skuldbinding aukist vegna langlífis og aukinnar örorku. Hins vegar hafa líkur á auknu langlífi minnkað, eftir að tekið var í notkun spálíkan sem gerir ráð fyrir auknum lífslíkum eftir árgöngum. Sömuleiðis eru líkur á að ávöxtun verði lakari einstök ár en ávöxtunarviðmið við útreikning á réttindum. Það er krefjandi verkefni fyrir lífeyrissjóði að ná 3,5% raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóða í óstöðugu umhverfi, hvort sem það eru lágir vextir og lág verðbólga eða háir vextir og há verðbólga. Neikvæður verðtryggingajöfnuður getur einnig haft neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu þegar verðbólga hækkar hratt.

Tengdir áhættuþættir: Lýðfræðileg áhætta, ósamræmisáhætta, lagaáhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Sjóðurinn stefnir á að tryggingafræðileg staða sé í jafnvægi. Með því er átt við að áunnin staða, mismunur á eignum og áunnum skuldbindingum, sé innan við +/-5% af skuldbindingum, og framtíðarstaða, mismunur á núvirði framtíðariðgjalda og skuldbindinga vegna þeirra, sé innan við +/-5% af skuldbindingum. Áhættuþol sjóðsins miðast af því að heildar staða sjóðsins verði ekki

undir -10% eða undir -5% fimm ár í röð því þá þarf sjóðurinn að gera nauðsynlegar breytingar skv. 39. gr. laga nr. 129/1997.

4.1.2.2. Lausafjánhætta

Skilgreining: Hættan á að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur svo sem að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum, gera upp verðbréfaviðskipti sem hann hefur stofnað til eða að greiða annan rekstrarkostnað sjóðsins. Þá getur séreignarsjóðurinn orðið fyrir óvæntu útstreymi sem einnig getur haft áhrif. Undir lausafjánhættu fellur einnig seljanleikaáhætta, útstremisáhætta og réttindaflutningsáhætta.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Miðlungs áhætta	Litlar líkur eru á því að sjóðurinn geti ekki greitt lífeyri, rekstrarkostnað eða gert upp verðbréfaviðskipti. Verði það hins vegar geta áhrifin orðið veruleg. Lágmark lausafjánh lutfall er tiltölulega hátt hjá Ævisöfnum og Ríkissafni eða 65% en 50% hjá Innlánasafni og 30% hjá ST.

Tengdir áhættuþættir: Orðsporsáhætta, markaðsáhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Auðseljanlegar eignir skulu að lágmarki vega 30% af heildareignum samtryggingarsjóðs. Auðseljanlegar eignir séreignaleiða að viðbætti eign í sjóðfélagalánum skulu að lágmarki nema 65% af heildareignum hverrar séreignarleiðar fyrir utan Innlánasafnið en þar er lágmarkið skilgreint sem 50%. Sjóðfélagalán hjá séreignarleiðum eru skilgreind sem auðseljanlegar eignir þar sem samtryggingarsjóður hefur getu og vilja til að kaupa þau til sín skv. fjárfestingastefnu ef þurfa þykir.

4.1.3. Mótaðilaáhætta

Skilgreining: Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í viðskiptum eða útgefandi verðbréfs geti ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum eða uppfylli ekki ákvæði samnings að öðru leyti.

Áhættustefna

Áhættuvilji og áhættuþol: Mótaðilaáhætta er órjúfanlegur hluti af varðveislu og ávöxtun fjármuna. Sjóðurinn leitast við að draga úr mótaðilaáhættu með takmörkunum og viðmiðum sem sett eru fram í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Takmarkanir eru á vægi einstakra útgefenda verðbréfa í ávöxtunarleiðum, skilgreind eru lágmarksskilyrði um fjárhagslegan styrk útgefenda. Sjóðurinn hefur alla jafna viðskipti fyrir milligöngu fjármálastofnana sem lúta opinberu eftirliti. Áhættuvilji vegna mótaðilaáhættu helst í hendur við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættuþol vegna mótaðilaáhættu er skilgreint með heimilu hámarksvægi einstakra útgefenda í ávöxtunarleiðum og lágmarksskilyrðum um fjárhagslegan styrk útgefenda.

4.1.3.1. Samþjöppunaráhætta

Skilgreining: Hættan á of lítilli dreifingu mótaðila lífeyrissjóðs. Til dæmis getur verið að lífeyrissjóður kaupi talsvert magn skuldabréfa og hlutabréfa útgefin af sama aðila eða tengdra aðila. Takmarkanir í lögum draga úr samþjöppunaráhættu en koma ekki í veg fyrir að lífeyrissjóðir geti verið með mikla mótaðilaáhættu á einn útgefanda, eina atvinnugrein eða landssvæði.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Miðlungs áhætta	Samþjöppunaráhættan á Ísland er töluverð og íslenski markaðurinn einsleitur. Vægi erlendra eigna hefur verið að aukast hjá sjóðnum sem dregur úr samþjöppuninni og erlendum sjóðum hefur verið að fjölga.

Tengdir áhættuþættir: Lausafjánhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Hámarksvægi einstakra útgefenda og tengdra aðila í ávöxtunarleiðum eru skilgreind í 4. kafla í fjárfestingarstefnu sem fjallar um takmarkanir. Óheimilt er að fara umfram þau mörk.

4.1.3.2. Landsáhætta

Skilgreining: Hættan á að fjárfestingar lífeyrissjóðs séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Landsáhætta er víðtækari en pólitísk áhætta og nær til fjölmargra þátta sem einkenna einstök landsvæði. Gjaldeyrisstefna, hagvöxtur, ríkisfjármál og líkur á átökum á atvinnumörkuðum, borgarastríði eða stríði á milli nærliggjandi landa eru dæmi um þætti sem hafa áhrif á landsáhættu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Miðlungs áhætta	Landsáhætta er mest á Ísland vegna innlendra eigna. Í fjárfestingarstefnu er gert ráð fyrir að erlendar hlutabréfaeignir endurspegli landaskiptingu heimsvísitölu hlutabréfa sem hefur mikla dreifingu á milli landa. Reyni á landsáhættuna, t.d. vegna stríðsátaka getur það haft veruleg áhrif á erlendar eignir sjóðsins.

Tengdir áhættuþættir: Gjaldmiðlaáhætta, samþjöppunaráhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Stefnt er að því að landaskipting erlendra hlutabréfaeigna ávöxtunarleiða endurspegli landaskiptingu heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI). Hámarks og lágmarks vægi innlendra eigna er skilgreint í fjárfestingarstefnu.

4.1.4. Rekstraráhætta

Skilgreining: Áhætta vegna taps sem er afleiðing af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, starfsmönnum, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða.

Áhættustefna

Áhættuvilji og áhættuþol: Rekstraráhætta er órjúfanlegur hluti af rekstri lífeyrissjóða. Sjóðurinn leitast við að draga úr rekstraráhættu með skjalfestu innra regluverki sem m.a. tilgreinir samþykktarferli við ráðstöfun fjármuna, heimildir einstakra starfsmanna til ráðstöfunar fjármuna og eftirlits á virkni innra regluverks. AL hefur gert áhættumat vegna upplýsingakerfa sjóðsins og sett fram viðbúnaðarumgjörð vegna reksturs upplýsingakerfa sjóðsins sbr. leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019. Kemur þar fram áhættuvilji og áhættuþol sjóðsins sem felst m.a. í hámarks niðritíma viðkomandi kerfa.

4.1.4.1. Áhætta vegna upplýsingatækni

Skilgreining: Hér undir fellur bæði áhætta vegna vélbúnaðar og hugbúnaðar. Vél- og hugbúnaður sem lífeyrissjóðir nota í daglegum rekstri þarf að standast kröfur staðla um upplýsingaöryggi og til staðar þurfa að vera viðbúnaðaráætlanir sem tryggja áframhaldandi rekstrarsamfellu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Miðlungs áhætta	Teljum að vél- og hugbúnaður sem sjóðurinn notar standist kröfur um upplýsingaöryggi. Sjóðurinn kaupir í flestum tilfellum þjónustu af aðilum sem hafa öryggisvottun. Áhrif þess að upp komi tilvik þar sem upplýsingaöryggi væri ábótavant eru metin mikil þar sem slíkt hefði neikvæð áhrif á orðspor sjóðsins.

Tengdir áhættuþættir: Orðsporsáhætta, áhætta vegna svika.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Sjóðurinn hefur sett sérstaka öryggisstefnu þar sem fjallað er um meðferð á upplýsingum og notkun upplýsingakerfa í starfsemi. Í öryggisstefnu og í öryggisstjórnkerfi Mark eftirlitskerfisins og í málakerfi Sharepoint er haldið utan um áhættueftirlit og frávikaskráningar vegna

upplýsingatækni, samanber leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa. Frávík í upplýsingaöryggi skulu yfirfarin og metið skal hvort frávikið kalli á sérstök viðbrögð.

4.2. Veigaminni áhættuþættir

Veigaminni áhættuþættir eru skilgreindir í eigin áhættumati með litla eða tiltölulega litla áhættu. Fyrir þessa áhættuþætti fer ekki fram frekari greining nema hvað varðar tengsl við veigameiri áhættuþætti. Neðangreind tafla sýnir þessa áhættuþætti samkvæmt eigin áhættumati sjóðsins í nóvember 2024.

Fjárhagsleg áhætta	Lífeyrisskuldbindingaáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
<ul style="list-style-type: none"> Uppgreiðsluáhætta Áhætta vegna skulda utan eh. 	<ul style="list-style-type: none"> Lýðfræðileg áhætta Umhverfisáhætta Iðgjaldaáhætta 	<ul style="list-style-type: none"> Útlánaáhætta Hlutabréf Afhendingaráhætta Uppgjöraráhætta Sjálfbærniáhætta 	<ul style="list-style-type: none"> Áhætta vegna sviða Áhætta vegna PFH Áhætta vegna útvistunar Frávikaáhætta Lagaleg áhætta Pólitísk áhætta Orðsporsáhætta Skjalaáhætta Starfsmannaáhætta Upplýsingaáhætta Áhætta tengd stjórnarháttum Úrskurðaráhætta lífeyris

4.2.1. Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sem fólgin er í verulegum verðbreytingum á fjármálagerningum vegna breytinga á vaxtastigi, gjaldmiðlagengi, markaðsgengi skráðra fjármálagerninga o.fl.

4.2.1.1. Áhætta vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings

Skilgreining: Hættan á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Dæmi um slíkt eru framvirkir samningar og óádreagnar ádráttarskuldbindingar sérhæfðra sjóða. Upplýsingar um slíka samninga og ádráttarskuldbindingar er að finna í ársreikningi. Breytingar á framvirkum samningum eru teknar í gegnum rekstrarreikning og geta valdið verulegum breytingum á ávöxtun eigna.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Erlendar ádráttarskuldbindingar geta aukist með veikingu ISK. Það hefur þó óveruleg áhrif á heildareignir. Líkurnar á því að ISK veikist eru þó metnar töluverðar yfir tíma.

4.2.1.2. Uppgreiðsluáhætta

Skilgreining: Hætta á að skuldabréf með föstum vöxtum verði greitt upp fyrir gjalddaga og að lífeyrisjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem stefnt er að. Að öðru óbreyttu má gera ráð fyrir að líkur á að uppgreiðslur skuldabréfa með fasta vexti aukist eftir því sem þeir vextir eru hærri en vaxtakjör sem bjóðast á hverjum tíma.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Aðallega er horft til uppgreiðslu á sjóðfélagalánum þar sem þau eru uppgreiðanleg þrátt fyrir að vera t.d. með fasta vexti út lánstímann. Það hefur aukist að löng markaðsskuldabréf séu gefin út með heimild til uppgreiðslu eftir 5-10 ár gegn uppgreiðslugjaldi. Þegar markaðsvextir hækka minnka líkurnar á uppgreiðslum skuldabréfa fyrir lokagjalddaga þar til markaðsvextir lækka aftur. Til skemmri tíma, þ.e. næstu 1-2 árin, hafa líkurnar á uppgreiðslum fyrir lokagjalddaga aukist. Miðað við umfangið af mögulegu vaxtatapi við endurfjárfestingar uppgreiddra lána eru áhrifin metin lítill.

Tengdir áhættuþættir: Gjaldmiðlaáhætta, markaðsáhætta, verðbólguáhætta, umhverfisáhætta, lýðfræðileg áhætta, lagaleg áhætta.

4.2.2. Lífeyrisskuldbindingaáhætta (lífeyristryggingaráhætta)

Hættan á því að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og greitt út lífeyri.

4.2.2.1. Lýðfræðileg áhætta

Skilgreining: Hættan á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir, t.d. vegna aukins langlífis eða vaxandi örorku.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Eftir að spálíkön um auknar lífslíkur hafa verið teknar inn í útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins hefur það dregið úr líkum á því að skuldbinding aukist verulega vegna langlífis. Líkur eru á að skuldbinding aukist vegna vaxandi örorku.

Tengdir áhættuþættir: Skerðingaráhætta, umhverfisáhætta, ósamræmisáhætta.

Áhættustefna

Viðmið og vikmörk: Sjóðurinn stefnir á að tryggingafræðileg staða sé í jafnvægi. Með því er átt við að áunnin staða, mismunur á eignum og áunnum skuldbindingum, sé innan við +/-5% af skuldbindingum, og framtíðarstaða, mismunur á núvirði framtíðariðgjalda og skuldbindinga vegna þeirra, sé innan við +/-5% af skuldbindingum. Áhættuþol sjóðsins miðast af því að heildar staða sjóðsins verði ekki undir -10% eða undir -5% fimm ár í röð því þá þarf sjóðurinn að gera nauðsynlegar breytingar skv. 39. gr. laga nr. 129/1997.

4.2.2.2. Iðgjaldaáhætta

Skilgreining: Hættan sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum. Getur stafað af breytingum á ytra umhverfi eða efnahagslegu umhverfi. Getur líka stafað af slæmu orðspori lífeyrissjóðs.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Teljum litlar líkur á því að iðgjaldamagn dragist verulega saman. Miðað við reynslu breytast iðgjaldagreiðslur óverulega milli tímabila og eru því taldar litlar líkur á því að iðgjaldagreiðslur dragist verulega saman.

4.2.2.3. Umhverfisáhætta

Skilgreining: Hættan á að neikvæð þróun í ytra umhverfi sjóðsins, þ.á.m. félagslegar og hagrænar breytingar auki lífeyrisþyrði sjóðsins. Langvarandi atvinnuleysi eykur til að mynda líkur á örorku, sem hefur áhrif á lýðfræðilega áhættu. Hér undir flokkast einnig svokölluð kerfislæg áhætta, þ.e. hættan á að almennir erfiðleikar í lífeyriskerfinu eða erfiðleikar hjá öðrum lífeyrissjóðum hafi neikvæð áhrif á starfsemi sjóðsins.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Sjóðurinn notar sérhæfðar örorkulíkur byggðar á reynslu Almenna lífeyrissjóðsins sem eru reiknaðar af tryggingastærðfræðingi. AL er með tiltölulega fáa örorkulífeyrisþega hlutfallslega í samanburði við aðra sjóði.

4.2.3. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í viðskiptum eða útgefandi verðbréfs geti ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum eða uppfylli ekki ákvæði samnings að öðru leyti.

4.2.3.1. Útlánaáhætta (e.credit risk)

Skilgreining: Hættan á greiðslufalli tiltekins skuldara og tapi sem af því getur orðið. Útlánaáhætta (skuldaraáhætta) er jafnan mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru önnur dæmi um mat á útlánaáhættu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Ein hverjar líkur eru á því að einstakir útgefendur verðbréfa verði fyrir greiðslufalli en minni líkur eru á því að það gerist samtímis hjá mörgum útgefendum. Árlega lætur AL óháð greiningarfyrirtæki taka út útlánaáhættu sjóðsins eftir ávöxtunarleiðum og í því mati eru markaðsskuldabréf og sjóðfélagalán.

4.2.3.2. Mótaðilaáhætta vegna hlutabréfa

Skilgreining: Hættan á að útgefandi hlutabréfa í eigu sjóðsins standist ekki viðmiðanir í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Töluverðar líkur eru á því að einstakur útgefandi hlutabréfa standist ekki fjárhagsleg viðmið í fjárfestingarstefnu.

4.2.3.3. Afhendingaráhætta

Skilgreining: Afhendingaráhætta er sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Slík áhætta getur skapast þegar varsla verðbréfa er hjá 3ja aðila og getur í sumum tilfellum leitt til tjóns.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Sjóðurinn á alla jafna viðskipti í gegnum fjármálastofnanir sem lúta opinberu eftirliti. Litlar líkur eru á því að mótaðili sjóðsins í viðskiptum afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Ef það gerist hefur það óveruleg áhrif á sjóðinn þar sem um einstök viðskipti væri að ræða.

4.2.3.4. Uppgjörsáhætta

Skilgreining: Uppgjörsáhætta er sú áhætta að mótaðili í viðskiptum afhendi ekki fjármálagerning eða virði hans í reiðufé eins og um var samið og eftir að lífeyrissjóðurinn hefur uppfyllt sinn hluta samningsins, þ.e. afhent fjármálagerning eða virði hans í reiðufé.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Sjóðurinn á alla jafna viðskipti í gegnum fjármálastofnanir sem lúta opinberu eftirliti. Litlar líkur eru á því að mótaðili sjóðsins í viðskiptum afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Ef það gerist hefur það óveruleg áhrif á sjóðinn þar sem um einstök viðskipti væri að ræða.

4.2.4. Rekstraráhætta

Áhætta vegna taps sem er afleiðing af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, starfsmönnum, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða.

4.2.4.1. Áhætta vegna svika

Skilgreining: Hætta á svikum sem valda sjóðnum fjárhagslegu tjóni. T.d. gæti verið um svik starfsmanna eða utanaðkomandi fjársvikara.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri (almennur rekstur), Eignastýring (fjárfestingar)	Lítill áhætta	Litlar líkur eru taldar á því að sjóðurinn verði fyrir svikum. Dæmigerð viðbrögð við mögulegri sviksemi eru t.a.m. aðskilnaður starfa, samþykktarferli, kerfislægar aðgangsstýringar, afstemmingum á reikningum, almennri eignatalningu og samþykktarferli vegna ráðstafana með fjármuni. Auknar líkur eru á að Almenni lendi í svikum vegna utanaðkomandi fjársvikara. Almenni er í samskiptum við þjónustuaðila sína til að draga úr líkum á fjársvikum.

4.2.4.2. Áhætta vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka (PFH)

Skilgreining: Hætta á sjóðurinn verði nýttur til peningþvættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka sem gæti valdið sjóðnum fjárhagslegu tjóni og/eða orðsporshnekki. Aukin áhætta er til staðar ef viðskiptamaður er staðsettur í áhættusömu ríki.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Litlar líkur eru taldar á því að sjóðurinn verði nýttur í peningabætti eða fjármögnunar hryðjuverka (PFH). Sjóðurinn hefur framkvæmt áhættumat vegna PFH líkt og lög gera ráð fyrir og er uppfært annað hvert ár (síðast 2023). Áhættumatið gefur til kynna litla áhættu á að starfsemi sjóðsins verði nýtt til PFH. Stærsti áhættuþátturinn við PFH er hins vegar tengdur sjóðfélagalánum og greiðslum inn á lán.

4.2.4.3. Áhætta vegna útvistunar

Skilgreining: Áhætta tengd úthýsingu á verkefnum til þriðja aðila.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Sjóðurinn kaupir í flestum tilfellum þjónustu af aðilum sem hafa öryggisvottun sem minnkar líkur á því að aðilar uppfylli ekki öryggiskröfur. Almenni hefur fækkað hýsingaraðilum, til að auka skilvirkni og draga úr áhættu.

4.2.4.4. Frávikaáhætta

Skilgreining: Hætta á að eignir ávöxtunarleiða séu utan heimilda í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Litlar líkur eru taldar á því að eignir sjóðsins fari verulega út fyrir heimildir í fjárfestingarstefnu þar sem reglulega er farið yfir samanburð á eignum, stefnu, lögum og reglum.

4.2.4.5. Lagaleg áhætta

Skilgreining: Brot á ákvæðum laga, reglugerða eða opinberra fyrirmæla, brot á samningum (samningsáhætta), ófullnægjandi samningsgerð (skjalaáhætta) og ófullnægjandi undirbúningur dómsmála. Þá má einnig nefna aðgerðir dómstóla og stjórnvalda, t.d. beitingu sekta eða að túlkun skilmála eða samþykktu verði á annan hátt en sjóðurinn gerir ráð fyrir.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Árlega er farið yfir samningseyðublöð sjóðsins með tilliti til breytinga í laga og eftirlitsumhverfinu. Í flestum tilfellum fer lögmaður yfir alla samninga sem sjóðurinn gerir. Árlega er farið yfir verkferla og verklag hjá sjóðnum. Ákveðin óvissa er uppi vegna þeirra dómsmála sem eru í gangi, um aðlögun réttinda lífeyrissjóða að nýjum líftöflum og um vaxtabreytingar íbúðalána.

4.2.4.6. Orðsporsáhætta

Skilgreining: Hættan á fjárhagslegu tjóni vegna þess að orðspor lífeyrissjóðs hefur beðið hnekki. Orðsporsáhætta og iðgjaldaáhætta eru tengdar að því leyti, að ef lífeyrissjóður fær á sig slæmt orð getur það leitt til þess að iðgjöld dragist saman vegna lélegrar nýliðunar. Þá getur slæmt orðspor leitt til þess að rétthafar séreignar flytji réttindi sín til annarra sjóða sem getur aukið lausafjár- og seljanleikaáhættu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Framkvæmdastjóri	Lítill áhætta	Litlar líkur eru taldar á því að orðspor skaðist svo einhverju skipti m.a. vegna mikillar áhættudreifingar í fjárfestingum og gagnsæi um fjárfestingaeignir og upplýsingar um starfsemi sjóðsins. Áhrif eru metin lítil í ljósi fenginnar reynslu í rekstri sjóðsins.

4.2.4.7. Skjalaáhætta

Skilgreining: Hætta á að skjöl t.d. samningar um eignastýringu og samningar vegna ráðstöfunar iðgjalda séu ekki vistaðir á öruggan og aðgengilegan hátt. Sjóðurinn getur orðið fyrir tjóni ef ekki er hægt að leggja fram samninga.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Teljum litlar líkur á því að samningar og önnur skjöl glatist. Verkferlar eiga að tryggja rétta meðferð gagna.

4.2.4.8. Starfsmannaáhætta

Skilgreining: Almenn hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika. Kerfisbundin þjálfun starfsmanna og afleysingamanna eru dæmi um aðgerðir til að draga úr slíkri áhættu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Búið er að tryggja að til eru staðgenglar fyrir flesta starfsmenn hjá sjóðnum. Starfsaldur er almennt hár hjá sjóðnum. Reynsla undanfarinna missera hefur sýnt að áhættan var ekki eins mikil og óttast var varðandi áhrif heimsfaraldursins og langvarandi veikinda starfsmanna. Sjóðurinn getur viðhaldið nauðsynlegri starfsemi komi til að skrifstofunni verði lokað og starfsmenn vinna í fjarvinnu. Starfsmenn Almenna eru almennt í einu og sama stéttarfélaginu og hætt er við því að stéttarfélagið fari í verkfall sem getur komið niður á starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðsins, til skamms tíma.

4.2.4.9. Upplýsingaáhætta

Skilgreining: Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Líkur á að sjóðurinn veiti villandi upplýsingar, sem leiði til ákvarðana sjóðfélaga á röngum forsendum, eru metnar litlar m.a. vegna verklags við yfirferð á gögnum á upplýsingaveitum sjóðsins (vefjum) og á yfirlitum og skjalfest er í verkferlum. Áhrif eru metin lítil þar sem upplýsingar eru uppfærðar minnst mánaðarlega.

4.2.4.10. Úrskurðaráhætta lífeyris

Skilgreining: Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum. Kerfisbundin villa í úrskurði lífeyris sem er í ósamræmi við samþykktir lífeyrissjóðs getur gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins og leitt til endurkrafna. Þá getur túlkun samþykktar falið í sér áhættu.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Litlar líkur eru taldar á því að lífeyrisúrskurður sé ekki í samræmi við samþykktir. Upplýsingakerfi sjóðsins myndar úrskurð í samtryggingu í samræmi við réttindi í kerfinu og í hverju tilviki eru tveir starfsmenn sem koma að framkvæmd lífeyrisúrskurðar í samtryggingu. Áhrif af röngum lífeyrisúrskurði eru metin lítil þar sem hvert stakt tilvik hefði lítil áhrif.

4.2.4.11. Pólitísk áhætta

Skilgreining: Hættan á því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði eða kostnað sjóðsins, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar eða breytta túlkun á lögum, reglum, reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum FME eða öðrum réttarheimildum um starfsemi sjóðsins.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Skrifstofustjóri	Lítill áhætta	Líklegt er að gerðar verði breytingar á lögum og reglum um starfsemi lífeyrissjóða á komandi árum. Ríkisvaldið hefur boðað gerð grænbókar um stöðu kerfisins sem mun væntanlega kalla eftir einhverjum breytingum. Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir því að lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar og uppfærð til samræmis við stærð og stöðu sjóðanna og til samræmis við kröfur sem gerðar eru til annarra aðila á fjármálamarkaði. Stjórnendur fylgjast vel með breytingum í lagaumhverfi sjóðsins og bregst við eftir þörfum.

4.2.4.12. *Áhætta tengd stjórnarháttum*

Skilgreining: Stjórnarhættir snúa að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum hagsmunaaðilum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum lífeyrissjóðsins. Áhættan á því að stjórnarhættirnir séu ekki í samræmi við lög og reglur og góðar venjur um stjórnarhætti með þeim afleiðingum að fjárhagslegt tjón eða orðspor sjóðsins skaðist.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Framkvæmdastjóri	Lítill áhætta	Stjórn og stjórnendur sjóðsins hafa sett sér það markmið að hafa ávallt góða stjórnarhætti að leiðarljósi og sett sér stjórnarháttaryfirlýsingu sem er birt á heimasíðu sjóðsins. Þar kemur jafnframt fram hvernig stjórnskipulagi sjóðsins er háttað. Sjóðurinn hefur sett sér ýmsar stefnur og reglur til að tryggja góða stjórnarhætti og má þar t.a.m nefna starfs- og siðareglur stjórnar, siðareglur starfsmanna, stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar, stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum í starfsemi sjóðsins ofl. Í Eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins kemur fram hvert sé hlutverk og ábyrgð starfseininga í skipulagi áhættustýringar og eftirlits með áhættu.

4.2.4.13. *Sjálfbærniáhætta*

Skilgreining: Samkvæmt SFDR reglugerð Evrópusambandsins, um upplýsingagjöf tengdri sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (e. Sustainable Finance Disclosure Regulation) er sjálfbærniáhætta skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna (UFS) sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg verulega neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Ábyrgð	Áhættumat	Skýring við áhættumat
Eignastýring	Lítill áhætta	Ávöxtunarleiðir Almenna standa frammi fyrir áhættu vegna loftslagsbreytinga þar sem raunlæg áhætta getur orsakað tjón á skömmum tíma í undirliggjandi fjárfestingum á meðan umbreytingaráhættan getur valdið tjóni yfir lengri tíma. Tryggingavernd er mjög mismunandi milli landa og heimsálfa sem getur valdið því að tjón af völdum loftslagsbreytinga geta vegið þyngra í öðrum löndum vegna þessa.